

Félagsheimilið  
Blönduósi ehf.

Ársreikningur 2016

Félagsheimilið Blönduósi ehf.  
Hnjúkabyggð 33  
540 Blönduósi

kt. 710197-3349

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3
Áritun endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Sjóðstreymisyfirlit .....	7
Skýringar .....	8

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

---

Félagið rekur félagsheimili á Blönduósi. Á árinu starfaði enginn starfsmaður hjá félaginu.

Tap varð á rekstri félagsins á árinu 2016 að fjárhæð 2.998 þús. kr. Bókfært eigið fé félagsins í árslok var neikvætt um 51.239 þús. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Hlutfé félagsins nam í árslok 40.600 þús. kr. sem er óbreytt frá fyrra ári. Hlutfé skiptist á tvo hluthafa í árslok 2016, sem er óbreytt frá ársbyrjun, og greinist eignarhlutdeild þeirra þannig:

	<b>Kennitala</b>	<b>Nafnverð</b>	<b>Hlutdeild</b>
Blönduósbær .....	470169-1769	40.478.200	99,70%
Leikfélagið Blönduósi .....	451078-1439	121.800	0,30%

Með hliðsjón af ákvæðum 74. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög er ekki heimilt að úthluta arði til hluthafa á árinu 2017 vegna rekstrarársins 2016. Vísað er til ársreikningsins um jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn og framkvæmdastjóri Félagsheimilisins á Blönduósi ehf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2016 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Blönduósi, 2017.

Í stjórn félagsins:

Framkvæmdastjóri:

# Áritun endurskoðanda

---

Til stjórnar og hluthafa í Félagsheimilinu Blönduósi ehf.

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings Félagsheimilisins Blönduósi ehf. fyrir árið 2016 byggt á þeim upplýsingum sem stjórn og framkvæmdastjóri félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRS 4410, sem fjallar um aðstoð við gerð ársreiknings.

Við höfum notað sérfræðilekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar til að aðstoða fyrirtækið við að leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga. Við höfum fylgt fyrirmælum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglunum um heilindi, hlutlægni, faglega hæfni og varkárni.

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir ársreikningnum og nákvæmni og heild þeirra upplýsinga sem hann byggir á.

Þar sem aðstoð við gerð ársreiknings felur ekki í sér staðfestingavinnu er þess ekki krafist að við staðfestum nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórn og framkvæmdastjóri hafa lagt fram. Við höfum hvorki endurskoðað né kannað ársreikninginn og látum því ekki í ljós álit á honum.

Blönduósi, 2017.

**KPMG ehf.**

# Rekstrarreikningur árið 2016

	2016	2015
<b>Rekstrartekjur</b>		
Leigutekjur .....	4.041.790	2.355.315
<b>Rekstrargjöld</b>		
Annar rekstrarkostnaður .....	7.362.092	7.365.476
Afskriftir .....	2.997.708	2.997.708
	<u>10.359.800</u>	<u>10.363.184</u>
<b>Rekstartap fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....</b>	( 6.318.010)	( 8.007.869)
Vaxtatekjur .....	8.207	14.541
Vaxtagjöld .....	( 21.190)	( 27.607)
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals .....</b>	<u>( 12.983)</u>	<u>( 13.066)</u>
Tap án framlags Blönduósbæjar .....	( 6.330.993)	( 8.020.935)
Framlag Blönduósbæjar .....	<u>3.333.285</u>	<u>5.023.227</u>
<b>Tap ársins .....</b>	<u>( 2.997.708)</u>	<u>( 2.997.708)</u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2016

	2016	2015
<b>Eignir</b>		
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	46.509.164	47.725.687
Fastafjármunir samtals	<u>46.509.164</u>	<u>47.725.687</u>
Aðrar skammtímakröfur .....	61.194	2.657
Handbært fé .....	290.052	17.930
Veltufjármunir samtals	<u>351.246</u>	<u>20.587</u>
<b>Eignir samtals</b>	<u>46.860.410</u>	<u>47.746.274</u>
<b>Eigið fé</b>		
Hlutfé .....	40.600.000	40.600.000
Ójafnað eigið fé .....	( 91.838.579)	( 88.840.871)
Eigið fé samtals	<u>( 51.238.579)</u>	<u>( 48.240.871)</u>
<b>Skuldir</b>		
Blönduósbær .....	97.856.431	95.171.434
Aðrar skammtímaskuldir .....	242.558	815.711
Skuldir samtals	<u>98.098.989</u>	<u>95.987.145</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<u>46.860.410</u>	<u>47.746.274</u>

# Sjóðstreymisyfirlit árið 2016

	2016	2015
<b>Rekstrarhreyfingar</b>		
Tap ársins .....	( 2.997.708)	( 2.997.708)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:		
Afskriftir .....	2.997.708	2.997.708
Framlag frá Blönduósbæ .....	( 3.333.285)	( 5.023.227)
Veltufé til rekstrar	<u>( 3.333.285)</u>	<u>( 5.023.227)</u>
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum.....	( 631.690)	3.056.893
Handbært fé til rekstrar	<u>( 3.964.975)</u>	<u>( 1.966.334)</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>		
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	( 1.781.185)	0
Fjárfestingarhreyfingar	<u>( 1.781.185)</u>	<u>0</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		
Framlag frá Blönduósbæ .....	3.333.285	5.023.227
Viðskiptareikningur Blönduósbæjar, breyting .....	2.684.997	( 3.093.361)
Fjármögnunarhreyfingar	<u>6.018.282</u>	<u>1.929.866</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b> .....	272.122	( 36.468)
<b>Handbært fé í ársbyrjun</b> .....	<u>17.930</u>	<u>54.398</u>
<b>Handbært fé í árslok</b> .....	<u>290.052</u>	<u>17.930</u>

# Skýringar

## 1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### a. Innlausn tekna

Tekjur af sölu eru færðar í rekstrrareikning þegar þjónusta hefur verið innt af hendi.

### b. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími fasteigna er 33 ár og áhalda og tækja 10 ár.

### c. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

## 3. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Fasteign	Áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1.1.2016 .....	94.097.212	1.968.215	96.065.427
Afskrifað samtals .....	( 47.044.327)	( 1.295.413)	( 48.339.740)
Bókfært verð 1.1.2016 .....	47.052.885	672.802	47.725.687
Keypt á árinu .....	1.781.185	0	1.781.185
Afskriftir á árinu .....	( 2.800.884)	( 196.824)	( 2.997.708)
Bókfært verð 31.12.2016 .....	46.033.186	475.978	46.509.164
Heildarverð 31.12.2016 .....	95.878.397	1.968.215	97.846.612
Afskrifað samtals .....	( 49.845.211)	( 1.492.237)	( 51.337.448)
Bókfært verð 31.12.2016 .....	46.033.186	475.978	46.509.164
Afskriftahlutföll .....	3%	10%	

## Fasteignamat og vátryggingaverð

Brunabótamat fasteigna nam í árslok 380.550 þús. kr., fasteignamat 73.910 þús. kr. og fasteignamat leigulóðar 7.130 þús. kr.

## 4. Eigið fé

Hlutfé félagsins nam 40.600 þús. kr. í árslok 2016. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutfé	Ójafnað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2016 .....	40.600.000	( 88.840.871)	( 48.240.871)
Tap ársins .....	0	( 2.997.708)	( 2.997.708)
Eigið fé 31.12.2016 .....	40.600.000	( 91.838.579)	( 51.238.579)

## Skýringar, frh.:

---

### 5. Skattmál

Ójafnað skattalegt tap í árslok 2015, sem heimilt er að flytja áfram samkvæmt skattalögum, nemur 26.693 þús. kr. Yfirfæranlegt skattalegt tap sem ekki nýtist á móti hagnaði innan tíu ára frá því það myndast fellur niður. Yfirfæranlegt skattalegt tap í árslok er nýtanlegt sem hér segir:

Tap ársins 2007, nýtanlegt til ársins 2017 .....	2.530.182
Tap ársins 2008, nýtanlegt til ársins 2018 .....	2.462.883
Tap ársins 2009, nýtanlegt til ársins 2019 .....	2.636.222
Tap ársins 2010, nýtanlegt til ársins 2020 .....	2.764.314
Tap ársins 2011, nýtanlegt til ársins 2021 .....	2.724.575
Tap ársins 2012, nýtanlegt til ársins 2022 .....	2.689.805
Tap ársins 2013, nýtanlegt til ársins 2023 .....	2.661.851
Tap ársins 2014, nýtanlegt til ársins 2024 .....	2.930.849
Tap ársins 2015, nýtanlegt til ársins 2025 .....	2.913.243
Tap ársins 2016, nýtanlegt til ársins 2026 .....	2.898.654
	<hr/>
	27.212.578